



Fjölnota íþróttahús, Árborg

Engjavegi, 800 Selfoss

Febrúar 2021

Verkframkvæmd

Innanhússfrágangur

Metatron

Útboð nr. U1811216

SKILAGREIN EFTIRLITS

Efnisyfirlit

1.1. Upplýsingar um verkið:	3
1.2. Framgangur verksins	5
1.2.1. Almenn	5
1.2.2. Verkframvinda	5
1.2.3. Skiladagar	6
1.2.4. Breytingar frá útboðsgögnum	6
1.3. Fundargerðir, bréf, minnisblöð og orðsendingar	6
1.4. Uppgjör	7
1.5. Útboðsgögn og verktakar	7
1.5.1. Útboðsgögn og hönnun	7
1.5.2. Verktakinn	7
1.6. Lokaorð	8

1.1. Upplýsingar um verkið:

Eftirfarandi þættir voru í þessu verki:

- **Gervigras**
- **Frjálsíþróttasvæði**
- **Önnur gólfefni**
- **Innréttingar og ýmis búnaður**

Verkið fólst í innanhúsfrágangi í fjölnota íþróttahúsi á íþrótt- og útivistarsvæðinu við Engjaveg í Árborg. Verktaki átti að sjá um lagningu á gervigrasi ásamt ýmissa gólfefna og uppsetningu á frjálsíþróttasvæði, innréttingum og ýmsum búnaði.

Gervigras er á stóru svæði í íþróttahúsinu eða um 4100m². Þessi svæði eru knattspyrnuvöllur (auk öryggissvæðis) og afmarkað geymslusvæði meðfram norðurgaflegg hússins. Uppbygging gervigrassins skiptist í jöfnunarlag og gervigraskerfi. Undir gervigrasmottu á að vera fjöðrunarlag (SBR gúmmípúði).

Setja þurfti einnig ýmsar merkingar tengdar gervigrasinu, framkvæma prófanir, gera úttektir og setja síðan upp búnað eins og mörk, hornfána og ýmsar festingar.

Frjálsíþróttasvæðið er um 1322 m² að stærð og er sunnan megin í íþróttahúsinu. Uppbygging frjálsíþróttasvæðisins skiptist í jöfnunarlag, malbik og síðan ýmis yfirborsefni. Malbika átti allt frjálsíþróttasvæðið fyrir utan stökkgröfju sem er um 32 m². Merkja átti fyrir hlaupabrautir, stangarstökk, þrístökk, langstökk og kasthring ásamt því að setja upp fastan búnað.

Setja átti niður ýmiss önnur gólfefni sem eru m.a. kantsteinn meðfram gervigrasvelli, gerð gangbrautar umhverfis gervigrasvöll og hellulögn meðfram norðurgaflegg og langvegg austan megin við knattspyrnuvöll þar sem gert er ráð fyrir áhorfendapöllum.

Verktaki átti einnig að setja upp innréttingar og ýmsan búnað sem voru á m.a. uppdraganleg skiptitjöld sem skipta upp svæðum hússins, kastbúr fyrir kringlukast, sleggjukast, kúluvarp og spjótkast.

Gert var ráð fyrir því að net um kastsvæðið yrði á brautum með festingum og afstífungum, festum í loftið. Einnig var gert ráð fyrir því að hægt væri að draga gardínur til beggja hliða en gafleggur yrði alltaf í sömu stöðu. Í kastbúri eiga að vera bæði hangandi net og dýnur sem verða að þola álag frá kringlukasti, sleggjukasti, kúluvarpi og spjótkesti.

Verktaki:

Metatron ehf. Stekkjarflöt 23, 210 Garðabær

Verkkaupi:

Sveitarfélagið Árborg, Austurvegur 2, 800 Selfoss, Tengiliður: Atli Marel Vokes

Verkefnastjóri verkefnis fyrir hönd verkkaupa:

Eyjólfur Valgarðsson / Gísli Tryggvason / Sigurður Ólafsson

Verkumsjón og byggingarstjóri:

Þórður Ásmundsson

Umsjón verktaka, undirverktaka:

Páll Halldórsson Metatron

Eftirlit:

Mannvit

Atli Geir Jónsson, Sigurður Gunnarsson, Birgir Leó Ólafsson.

Hönnunarstjóri:

Jakob Emil Líndal

Samræmingahönnuður, Verkís

Gunnar Kristjánsson

Arkitekt:

ALARK arkitektar ehf.

Jakob Emil Líndal, Kristján Ásgeirsson

Undirverktakar Metatrons:

Stéttafélagið ehf. (jarðvinna og hellulagnir)

1.2. Framgangur verksins

1.2.1. Almennt

Verkið var boðið út í febrúar 2021 og þann 07.05.2021 var gengið til samninga við fyrirtækið Metatron ehf. þar sem það var hagstæðasta tilboðið sem barst í verkið og uppfyllti tilboðið öll hæfiskilyrði útboðsins. Kostnaðaráætlun verkkaupa hljómaði upp á 115.233.546 kr. með vsk.

1.2.2. Verkframvinda

Verkið fór vel af stað og var samvinna verktaka við aðra verktaka á svæðinu góð sem skiptir miklu máli upp á að hlutirnir geta gengið upp. Malbikun fór vel af stað og samkvæmt verkáætlun voru þeir á undan áætlun með malbikið en seinna í verkinu tók vinna og lagfæring á malbikinu alltof langan tíma og fór að hafa áhrif á verktíma verksins. Ákveðið var að vinna við lagningu á tartani og merkingum myndi bíða þangað til að búið væri að setja upp öll kastnet og tjöld. Það var gert til þess að koma í veg að lagfæra þyrfti tartan svæðið ef að óhapp kæmi upp við uppsetninguna á kastnetinu og tjöldunum.

Byrjað var að leggja gervigras í júlí 2021 og prófun á gervigrasi Field Test var framkvæmd 9.09.2021 án athugasemda.

Eftir prófun voru framkvæmdar minniháttar lagfæringar á gervigrasi og á einum stað saumur lagaður.

Galli var á skiptitjöldum og voru þau að losna upp úr lás og víða komin göt á þau, einnig voru komin göt á möskvum á ýmsum stöðum sem þurfti að gera við. Starfsmenn framleiðenda skiptitjalda komu í tvígang til landsins að gera betrum bætur á skiptitjöldum og var sú viðgerð viðunandi.

1.2.3. Skiladagar

Áætluð verklok samkvæmt útboði voru 13.07.2021 og gert var ráð fyrir því að verktaki myndi afhenda bygginguna til notkunar þann 01.08.21. Miklar kröfur voru frá verkkaupa að tímasetningarnar myndu ganga upp. Ári síðar, 01.08.2022 átti lokaúttekt á mannvirkinu að geta farið fram og með henni myndi ábyrgðartíma verktaka fyrir framkvæmdinni ljúka. Lokaúttektargerð innanhúsfrágangi Metatron var gerð 16.11.2022.

1.2.4. Breytingar frá útboðsgögnum

Samkvæmt útboði áttu skiptitjöldin að vera 6 talsins, merkt frá T1 og upp í T5 og tjöld merkt T5 voru tvö talsins. Það var síðan ákveðið að tjöld merkt T3 og T4 yrðu felld út úr verkinu og voru því bara sett upp 4 tjöld en festingar fyrir tjöldin sem voru felld úr verkinu merkt T3 og T4 voru settar upp.

1.3. Fundargerðir, bréf, minnisblöð og orðsendingar

Tryggja átti að verkkaupi væri ávallt upplýstur um stöðu og þróun á framkvæmd verksins á hverjum tímapunkti. Samkvæmt útboði átti verktaki og eftirlitsmaður að halda með sér sérstaka almenna verkfundi á meðan verkframkvæmdum stóð. Þessir fundir skyldu ekki vera haldnir eigi sjaldnar heldur en á tveggja vikna fresti og skyldi eftirlitsmaður verkkaupa rita fundargerðir.

Á meðan verkinu stóð voru haldnir 11 verkfundir og var sá fyrsti haldinn 20.04.2021 og sá síðasti 29.09.2021

1.4. Uppgjör

Lokareikningur verktaka hljóðaði upp á kr. 106.896.045 með vsk. Tilboðsupphæð samkvæmt upphaflegu samningsverði var kr. 115.233.546 með vsk. Verkið endaði í kr. 110.574.391 með vsk. Þar sem nokkrar breytingar urðu.

Magnaukningar og aukverk voru:

- Steypa með kanti umhverfis völl 242 m
- Viðbótar merkingar á gervigrasvöll, gular
- Stökkplanki 9 metrar bætt við
- Sandgryfja og uppsetning

og var kostnaður aukaverka kr. 3.678.346 með vsk. Og þar með 3,19% af upphaflegu tilboði verktaka.

Samantekið lítur uppgjórið svona út:

	Unnið magn	Tilboð verkt.	Hlutfall
Útb.	106.896.045	115.233.546 kr.	92,76 %
Með aukaverkum	110.574.391	115.233.546 kr.	95,96 %

1.5. Útboðsgögn og verktakar

1.5.1. Útboðsgögn og hönnun

Samkvæmt útboðsgögnum og hönnun áttu að vera 6 uppdraganleg skiptitjöld í húsinu. Því var breytt eftir að verkið fór af stað og ákveðið að tjöldin yrðu bara 4 talsins.

1.5.2. Verktakinn

Aðalverktaki stóð sig all þokalega hefði mátt bregðast hraðara við í sumum tilvikum með lagfæringar á athugasemdum. Covid hafði eitthvað með það að segja. Samstarf við hann að öðru leyti með ágætum.

1.6. Lokaorð

Undirritaður telur að verk þetta hafi gegnið í heildina all þökkalega.



Árborg, ágúst 2023

Atli Geir Jónsson

Atli Geir Jónsson

Eftirlit f.h Mannvits